

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

---

Dags: 30.01. 2026

Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 08:15-09:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir, Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir (fjarverandi), Hafdís Sigurðardóttir (fjarverandi), Jenný Ósk Óskarsdóttir, Kristín Garðarsdóttir, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir og Sigríður Harpa Hannesdóttir.

## Dagskrá:

### 1. Nýr aðstoðarskólastjóri kynnir sig.

Aðalbjörg Sigurðardóttir hóf störf við Hraunvallaskóla 1. desember síðastliðinn sem aðstoðarskólastjóri. Hún kynnti sig fyrir skólaráði og sagði frá störfum sínum sem verkefnastjóri í íslenskuveru í Austurbæjarskóla. Aðalbjörg er okkur að góðu kunn en hún starfaði áður sem umsjónarkennari og ÍSAT kennari hér við skólann. Skólaráð býður hana velkomna í hópinn og hlakkar til að starfa með henni.

### 2. Staðfesting skólaráðs á umfjöllun um skólanámskrá, starfsáætlun og viðmiðunarstundaskrá.

Skólastjóri kynnti skólanámskrá, starfsáætlun og viðmiðunarstundaskrá skólans fyrir skólaárið 2025-2026 og skólaráð staðfesti umfjöllun sína með undirskrift sinni á þar til gert eyðublað. Skólanámskrá, starfsáætlun og viðmiðunarstundaskrá má finna heimasíðu skólans.

### 3. Skólapúlsinn

Skólastjóri fór yfir niðurstöður mælinga í 6.-10. bekk. Niðurstöðurnar eru áfram hvetjandi og jákvæðar.

### 4. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarfið gengur samkvæmt áætlun. Rætt var lauslega um bekkjartenglafund á vorönn en ekki er búið að tímasetja hann. Einnig var komið inn á afmælishátíð skólans sem verður 27. mars nk.

### 5. Önnur mál

- Rætt var um ipada og jamf stýrikerfi fyrir foreldra. Leiðbeiningar til foreldra voru í foreldrabréfi í október. Lagt var upp með að setja þær aftur inn í foreldrabréf fyrir febrúar.
- Einnig var rætt um kennslu á fingrasetningu og var skólaráð sammála um mikilvægi hennar fyrir nemendur. Vonir eru bundnar um að betur gangi að kenna fingrafimi ef áherslur færast frá ipad yfir á Cromebook fyrir unglunga. Stefna bæjarins er þó óljós í þessum efnum.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland skólastjóri